



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun frá 23. ágúst 2015

Mánud., þriðjud., miðvikud. og fimmtudaga
kl. 14:00 - 22:00

Föstudaga lokað.

Laugardaga og sunnudaga kl. 11:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Þjónustuaðilar í Grímsnes- og Grafningshreppi

www.gogg.is

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Nóvember 2015

HVATARBLAÐIÐ

Verðlaunaafending í ljósmyndakeppni Grímsnes- og Grafningshrepps 2015

Fimmtudaginn 12. nóvember klukkan 18:00

mun Atvinnumálanefnd afhenda sigurvegurunum ljósmynda-
keppninnar verðlaun.

Verðlaunaafendingin fer fram í Íþróttamiðstöðinni Borg
og jafnframt verður opnuð ljósmyndasýning með
verðlaunamyndunum og öðrum myndum sem báru af í keppinni.

Ljósmyndakeppnin stóð frá 1. mars til 30. september 2015.

Veitt verða verðlaun í þremur flokkum:

- Besta mannlífsmyndin
- Besta landslagsmyndin
- Frumlegasta myndin með kennileiti úr sveitarfélaginu.

Ljósmyndasýningin mun standa yfir í Íþróttamiðstöðinni Borg til
loka desember.

Við hvetjum íbúa sveitarfélagsins til að koma á verðlaunaafhend-
inguna og/eða koma við í Íþróttamiðstöðinni skoða ljósmyndasýn-
inguna og skella sér í sund

Atvinnumálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.



FUNDARGERÐ.

376. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 7. október 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. september 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 23. september 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 47. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 15. september 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 23. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 31. ágúst 2015.

Mál nr. 2 og 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 23. fundargerð atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 31. ágúst 2015.

Kerhólsskóli leikskóladeild





Aðalfundur hjálparsveitarinnar

TINTRONS

verður haldinn í húsi sveitarinnar
miðvikudagskvöldið 18. nóv. 2015 kl. 20:00

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur
- Kosningar
- Inntaka nýrra félaga
- Önnur mál


Stjórnin.

Senn líður að einni stærstu fjáröflun björgunarsveitanna

„Neyðarkallinn 2015“

Salan fer fram dagana **5. - 7. nóvember** næstkomandi.

Að þessu sinni sér unglingadeildin Greipur
(sameiginleg unglingadeild Tintrons Grímsnes og Graf-
ningshrepp, Ingunn Laugarvatni og Biskups Reykholti)
um söluna og fer allur ágóði til þeirra.



Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Viðburðardagatal 2016 – Grímsnes- og Grafningshrepps.

Atvinnumálanefnd óskar eftir vilyrði sveitarstjórnar fyrir útgáfu viðburðardagatalis líkt og gert var fyrir árið 2015. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að viðburðardagatal fyrir árið 2016 verði gert.

Mál nr. 3: Bæklingur.

Atvinnumálanefnd óskar eftir vilyrði sveitarstjórnar fyrir útgáfu kynningarbæklings um sveitarfélagið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að atvinnumálanefnd láti prenta kynningarbækling fyrir sveitarfélagið miðað við fyrirliggjandi gögn.

c) **97. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 28. september 2015.**

Mál nr. 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31 og 32 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 97. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 28. september 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 23: 1509059 - Þrastalundur 168297: Þrastalundur lóð 4: Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn dags. 21. september 2015 um stofnun 37.008 m² lóðar úr landi Þrastalundar lnr. 168297. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun spildunnar og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. Jarðalaga

Mál nr. 24: 1509055 - Langamýri 6: Mýrarkot: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn eigenda lóðarinnar Langamýri 6 úr landi Mýrarkots þar sem óskað er eftir breytingu á skilmálum svæðisins þannig að heimilt verði að reisa allt að 35 til 40 m²

geymslu / aukahús í stað 25 m². Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að auglýst verði breyting á deiliskipulagi svæðisins sem felur í sér að heimilt verði að reisa allt að 40 m² aukahús á lóðum innan svæðisins, enda er það í samræmi við ákvæði aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 25: 1509049 - Minni-Borg land 199953: Stofnun lóðar og breyting á skráningu lóða.

Fyrir liggur umsókn dags. 9. september 2015 sem varðar landskipti spildunnar Minni-Borg 199953. Um er að ræða stofnun 9,48 ha spildu sem kallast Bjarkarlækur auk þess sem verið er að lagfæra afmörkun og stærð upprunals og lóða sem áður hafa verið stofnaðar úr spildunni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun nýrrar lóðar og lagfæringu á skráningu upprunals og annarra lóða sem tilgreindar eru í gögnum með fyrirvara um samþykki aðliggjandi lóðarhafa. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 26: 1509066 - Úlfjótuvatn 170940: Staðfesting á afmörkun lóðar og breyting á skráningu stærðar.

Fyrir liggur lóðablað sem sýnir hnitsetta afmörkun lóðarinnar Úlfjótuvatn 170940. Lóðin er í dag skráð án stærðar en er samkvæmt lóðablaði 17,5 ha að stærð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytta afmörkun og skráningu lóðarinnar með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda.

Mál nr. 27: 1509067 - Úlfjótuvatn Álfasel 170941: Staðfesting á afmörkun lóðar og breyting á skráningu stærðar.

Fyrir liggur lóðablað sem sýnir hnitsetta afmörkun lóðarinnar Úlfjótuvatn Álfasel 170941. Samkvæmt núverandi skráningu er lóðin án stærðar en verður 2.360 m² skv. lóðablaði. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytta afmörkun og skráningu lóðarinnar með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda og tryggt verði aðgengi að lóðinni.

Mál nr. 28: 1509068 - Úlfjótuvatn 170946: Staðfesting á afmörkun lóðar og breyting á skráningu stærðar.

Kerhólsskóli

miðað við mannfjöldann hér í sveit mætti ætla að þetta væri nærri lagi. Til er það, að þeir sem aldir eru upp við hefðbundna bekkjakennslu stórra árganga, eigi bágð með að skilja að þetta samkennslufyrirkomulag geti gengið upp, hvað þá að þeir geti séð kostina sem í því felast. Margir þeirra sem nú eru foreldrar grunnskólabarna – og það á líka við um kennara – hafa alist upp við skólakerfi sem byggðist á hugmyndum um heimanám og yfirheyrslur, þegar í skólann var komið. Allir á sömu blaðsíðunni í landafræðinni, allir á sama dæminu í reikningsbókinni, allir að skila sömu afköstum í heimavinnunni, enginn á undan, enginn á eftir. Ekkert raunverulegt tillit tekið til mismunandi þroska og færni, allt kapp lagt á að kenna mönnum ungmennafélagsréttstöðu og samræmt göngulag fornt: Áfram gakk, einn - tveir, einn - tveir. Það var kennarinn sem iðulega hafði orðið og stjórnaði taktinum og ítroðslunni, nemandinn átti að hlusta og taka þegjandi við. Ýmis skilaboð segja mér að svona sé þetta víða enn, að minnsta kosti er víða kvartað yfir mjög íþyngjandi heimanámi eftir langan vinnudag allra sem hlut eiga að máli.

Vinnustaður - skólabragur

Það er því full ástæða til þess að skýra það sjónarmið, að í litlum samkennsluskóla gefist betra tækifæri til þess að nálgast skólanámið með allt öðrum hætti en hér var lýst. Meðal aðalhlutverka kennarans er að skapa vinnufrið og vinnuanda, leiðbeina og laða fram bestu eðlisþætti nemendanna, styrkja lífsgildi og lífsleikni. Fámennið gerir það að verkum að næði gefst til þess að nám og kennsla sé einstaklingsmiðuð - tími ætti að gefast til þess að sinna og mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur á sinni námsbraut og þroskaferli.

Grundvallarmunurinn felst þó í því viðhorfi, að skólinn sé vinnustaður nemenda og þar eigi að fara fram hið raunverulega nám, sköpun og iðkun, en ekki stöðug ítroðsla og upprifjun á heimanámi, hvað þá yfirheyrsla upp við töflu. Tækifæri skapast til uppbyggilegs samtals kennara og nemenda, sanngjarns og hvetjandi leiðsagnarmats - ef til vill betra tækifæri en víðast þekkist. Af þessu viðhorfi og möguleikum er allt starf Kerhólsskóla litað, og við þessa sýn er hin óhefðbundna uppstilling skólaborða og sætaskipan nemenda miðuð – uppstilling sem allir foreldrar Kerhólsskólabarna þekkja vel nú orðið – og kannski fleiri lesendur Hvatarblaðsins.

Bjarni Þorkelsson, kennari í Kerhólsskóla.

Skólabragur – fyrri hluti**Hús og híbýli**

Ég hef minnst á það hér í Hvatarblaðinu, að vert væri að gera betri skil hinu nýja og glæsilega skólahúsi, sem hýsir nú Kerhólsskóla í Grímsnes - og Grafningshreppi. Ekki verður hér sagt frá tildrögum þess að skólinn var byggður, né heldur hvaða hugmyndafræði og skólastefna lá til grundvallar þegar af stað var farið.

Hitt veit ég að skólinn reis á skömmum tíma, og verður brátt kominn í það horf sem lagt var upp með: Aðstaða fyrir alla kennslu er að verða til fyrirmyndar, úti og inni, flest splunkunýtt, annað fárra ára: Íþróttahús og sundlaug, skólalóð, leikvöllir, íþróttavöllir og útinámssvæði, hlóðir eða eldstæði til útieldunar, garðskýli og kartöflugarður og heimatilbúin út-sýnisskífa. Kennslueldhús, list- og verkmenntastofur eru nú sem óðast að komast í gagnid.

Skólabýggingarnar munu annars geta hýst alla þá starfsemi sem þeim er ætlað, allt leik- og grunnskólastigið. Rúmgóðar og skellibjartar skólastofur og opin rými eru á báðum hæðum nýja hússins og fyrirkomulagið með því klasafyrirkomulagi að auðvelt er koma við nýstárlegum kennsluháttum, ef menn kæra sig um. Stórir gangluggar eru á öllum kennslustofum grunnskóladeildar, og ef dyr eru látnar standa opnar, vísa þær inn í opið rými fyrir miðju hússins. Í þess háttar byggingu er hugmyndafræði opins skóla og teymisvinnu vörðuð leið, en hefðbundna kennsluhætti með bekkjarstofum sem grunneiningu er einnig hægt að viðhafa, ef vilji stendur til þess.

Raunar held ég að einhvers konar blöndu af þessum leiðum sé ákjósanlegt að ástunda, og hagnýta sér kosti beggja. Það má gjarna kalla sveigjanlega kennsluhætti, og segja má, að einmitt þeir séu ástundaðir um þessar mundir í Kerhólsskóla. Víst er að þessa aðferð má þróa og bæta – og hreinlega klæðskerasauma að þeim aðstæðum sem við búum við og þeim mannskap sem við höfum á að skipa, óskum hans og þörfum.

Áfram gakk

En hvað sem öðru líður: Við rekum hérna fámennan sveitarskóla, og slíkt fyrirkomulag kallar á aðrar lausnir en tíðkast hafa í stórum bekkja-skólum í fjölmennum plássum. Svarið er samkensla árganga, gjarna 2-3ja saman í deild. Í grunnskóla sem hýsti alla 10 árgangana þyrfti því að hafa 4-5 deildir eða stig, svolítið eftir fjölda nemendanna auðvitað, en

Fyrir liggur lóðablað sem sýnir hnitsetta afmörkun lóðarinnar Úlfjótssvatn 170946. Samkvæmt skráningu er lóðin 10.000 m² en lóðablað gerir ráð fyrir að hún verði 8.899 m² að stærð. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytta afmörkun og skráningu lóðarinnar með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda og tryggt verði aðgengi að lóðinni.

Mál nr. 29: 1509069 - Úlfjótssvatn 170830: Úlfjótssvatn skátaskáli og Úlfjótssvatn bær: Stofnun lóða.

Fyrir liggja tvær umsóknir um stofnun lóða úr landi Úlfjótssvatns 170830. Annars vegar er um að ræða 2.908 m² lóð utan um skátaskála suðvestan við Grafningsveg og hins vegar 6,7 ha lóð umhverfis bæjartorfu Úlfjótssvatns. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun ofangreindra lóða og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga en bendir á aðgengi að lóð nr. 170830 verði tryggt.

Mál nr. 30: 1509070 - Úlfjótssvatn 170944: Vesturtröð 2, 5, 6 og Austurtröð 1: Stofnun lóða.

Fyrir liggja umsóknir um stofnun fjögurra lóða úr landi Úlfjótssvatns 170944. Um er að ræða lóðir utan um núverandi frístundahús innan orlofssvæðis Starfsmannafélags Reykjavíkur og heita lóðirnar Vesturtröð 2, 5 og 6 og Austurtröð 2. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun ofangreindra lóða og gerir ekki athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Að mati sveitarstjórnar er nauðsynlegt að unnið verði nýtt deiliskipulag fyrir svæðið.

Mál nr. 31: 1502033 - Illagil 21: Kvörtun: jarðvegsmön.

Fyrir liggur að eigendum að Illagili 21 hefur verið gert að fjarlægja mönina að viðurlögðum dagssektum fyrir 10. október 2015. Eigendur Illagils 21 leggja nú fram yfirlýsingu Hilmarssonar fyrirverandi byggingarfulltrúa um að hann hafi heimilað mönina haustið 2005.

Að mati sveitarstjórnar hefur yfirlýsing fyrirverandi byggingarfulltrúa ekki vægi í þessu máli og samþykkir að fylgja málinu eftir í samræmi við fyrri afgreiðslur.

Mál nr. 32: 1509004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-14.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. september 2015.

Fundargerð 27. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 28. september 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerð 11. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 22. september 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Bréf frá Ferli ehf. þar sem kynnt er kerfið Íbúasýn, sérhannað íbúakerfi fyrir bæjar- og sveitarfélög.

Fyrir liggur bréf frá Ferli ehf., dagsett 29. september 2015 þar sem kynnt eru kerfin Íbúasýn og Þjóðarsýn. Íbúasýn er sérhannað íbúakerfi fyrir bæjar- og sveitarfélög og Þjóðarsýn er grunnurinn að gögnum Íbúasýnar og því fylgjast þessi kerfi að. Í tengslum við Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna er boðið upp á afslátt að aðgangi kerfanna. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

4. Bréf frá Guðmundi Á. Péturssyni, framkvæmdastjóra Sólheima vegna reikninga fyrir liðveislu og ferðaþjónustu fatlaðra.

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdarstjóra Sólheima, Guðmundi Á. Péturssyni, dagsett 21. september 2015 þar sem gerð er athugasemd við að reikningar vegna ferðaþjónustu og liðveislu fatlaðra eru ekki greiddir.

Í byrjun þessa árs var framlengdur samningur milli Sólheima ses og Grímsnes- og Grafningshrepps með nokkrum breytingum. Annar hluti samningsins snýr að ferðaþjónustu fatlaðra og hljóðaði fyrri samningur upp á að sveitarfélagið greiði fyrir 60.000 km á ári. Í nýjum samningi er kveðið á um að greitt verði fyrir allt að 60.000 km og að skilað skuli skýrslu um hverja ferð, hvert er



Eins og undanfarin ár mun Grímsnes- og Grafningshreppur veita framhaldsskólanemum 16-20 ára, þ.e. fyrir 8 fyrstu annirnar eftir grunnskóla, styrk að upphæð kr. 30.000.-

Þeir aðilar sem vilja nýta sér þetta eru beðnir um að senda vottorð um skólavist fyrir haustönn 2015 sem allra fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.

Hægt er að senda staðfestingu á faxnúmerið 480-5501 eða á netfangið stina@gogg.is

Saumakompan Kringlu Grímsnesi



**Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur**



Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515

ORMSSTAÐIR

Fjölskyldurekið svínabú

Opið um helgar frá kl. 12:00—16:00
í nóvember.

Náið tímanlega í jólasteikina.



Takmarkað upplag af
völdum vörum

Sími 771-4465

Þú finnur nýjustu tilboðin á facebook :)



Kæru heldriborgarar!

Sundlaugin er opin fyrir ykkur á
mánudags– og fimmtudagsmorgnum
frá kl. 10:00—12:00.

Frítt inn og kaffi á könnunni !

Líkamsræktarsalurinn verður
opinn til reynslu fyrir alla á sama
tíma frá 2. nóv. til 18. des. 2015

ekið og hver nýtur þjónustunnar. Í umræddum reikningi var það ekki uppfyllt og því var reikningurinn ekki greiddur. Hinn hluti samningsins snýr að liðveislu fyrir fatlaða og stendur þar skýrum stöfum að greiddar verði allt að 2,5 milljónum króna á ári, vísi-tölutengt, fyrir liðveislu keypta í aðkeyptri verktöku til skilgreindra verkefna. Að auki ber Sólheimum ses að gera grein fyrir fyrir-hugaðri liðveislu fyrir 31. janúar ár hvert til sveitarstjóra Gríms-nes- og Grafningshrepps og að reikningar vegna þessara verkefna verði sendir til sveitarstjóra, staðfestir af framkvæmdastjóra Sól-heima. Þessi gögn hafa ekki borist sveitarstjóra og því var um-ræddur reikningur ekki greiddur. Það skal samt tekið fram að sveitarstjóra var sent skjal í tölvupósti þann 1. júní s.l. með árs dagskrá fyrir Sólheima almennt svo sem menningarveislu, leikja-námskeið fyrir börnin sem greitt er af sveitarfélaginu í gegnum Gný ofl.

Að auki er gerð athugasemd við það að reikningarnir hafi borist sveitarfélaginu fyrir um það bil þremur mánuðum síðan en stað-reyndin er sú að reikningarnir bárust sveitarfélaginu síðustu daga ágúst mánaðar þó reikningarnir séu dagsettir 30. júní 2015.

Sveitarstjórn samþykkir að greiða þann hluta akstursins sem sannarlega er vegna þjónustu við fatlaða og felur sveitarstjóra að ganga frá því sem fyrst. Varðandi liðveislu hafnar sveitarstjórn greiðslu fyrirbyggjandi reiknings þar sem hann er ekki í samræmi við það samkomulag sem er í gildi. Guðmundur Ármann Pétursson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

5. Beiðni um styrk frá Kvenfélögum í uppsveitum Árnessýslu vegna gerðar myndar í tilefni 100 ára kosningaafmælis kvenna.

Fyrir liggur beiðni um styrk að fjárhæð kr. 200.000 frá Kvenfélögum í uppsveitum Árnessýslu til gerðar myndarinnar „Svipmyndir fyrir framtíðina um fortíðina úr nútímanum“. Myndin verður gerð af tilefni 100 ára kosningaafmælis kvenna og er kostnaðaráætlun hennar að fjárhæð kr. 2,5 millj. Kvenfélögin sem standa að gerð myndarinnar eru Kvenfélag Grímsneshrepps, Kvenfélag Gnúpverjahrepps, Kvenfélag Skeiðahrepps, Kvenfélag Laugdæla, Kvenfélag Biskupstungna og Kvenfélag Hrunamanna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk

6. Beiðni um styrk frá Aflinu vegna reksturs samtakanna.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Aflinu, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi, til reksturs samtakanna. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

7. Beiðni um styrk frá Styrktarsjóði Sólheima.

Fyrir liggur beiðni Styrktarsjóðs Sólheima um styrk vegna áframhaldandi uppbyggingar á aðstöðu- og atvinnumálum að Sólheimum. Sveitarstjórn hafnar erindinu. Guðmundur Ármann Pétursson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

8. Ályktun frá stjórn Heimilis og skóla um endurnýjun gervigrasvalla vegna eiturefna í dekkjakurli.

Fyrir liggur bréf frá stjórn Heimilis og skóla, dagsett 25. september 2015 þar sem farið er fram á við sveitarfélög landsins að gervigrasvellir sem þaktir eru gúmmikurli úr dekkjum verði endurnýjaðir í ljósi upplýsinga um að dekkjakurl á fótbolta-völlum innihaldi krabbameinsvaldandi efni. Sveitarstjórn felur Tæknisviði Uppsveitanna að leggja fram áætlun um endurnýjun á gervigrasi og/eða útskipti á gúmmikurli svo gera megi ráð fyrir þessum kostnaðarlið í fjárhagsáætlun næsta árs.

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Matvöruversluninni Völu, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 1. október 2015 um umsögn vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II í Matvöruversluninni Völu, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstrarleyfi þegar það er gefið út. Guðmundur Ármann Pétursson vék af fundi við afgreiðslu málsins.



**Bláskógabyggð og
Grímsnes- og Grafningshreppur**



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Fridag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Ath.breytt símanúmer

Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási er:

432-2770

Heilbrigðisstofnun á Selfossi er:

432-2000



**HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS**

Batasetur Suðurlands, virknimiðstöð fyrir einstaklinga með geðröskun hóf starfsemi í september sl. Skemmst er frá því að segja að það fer vel af stað og mikil ánægja með þetta verkefni. Í Batasetrinu hittist fólk með geðraskanir, talar um líðan sína og fær ráð hjá hvert öðru um hvað virkar hjá þeim. En einnig er unnið með valdeflingu þ.e. að fá völdin aftur í sínar hendur eftir að hafa þurft að láta þau af hendi í veikindum, bati er annað hugtak sem unnið er með þar sem rætt er að það megi ná bata af geðröskun, en hver gerir það á sinn hátt, oftast skilgreinir hver og einn sinn bata mismunandi og það getur verið með því að halda jafnvægi í daglegu lífi til þess að þurfa ekki lyf að staðaldri til að viðhalda þessu jafnvægi á meðan aðrir þurfa lyf til þess. Öll vinna fer fram á jafningjagrundvelli, þ.e. það er enginn sem er öðrum æðri og allir hafa jafnan rétt til að tjá sig um það sem þeir vilja. Allt sem fólk segir í Batasetrinu er undir trúnaði.

Batasetur er opið alla föstudaga frá 9:00-16:00 og er með aðstandendafundi annan hvern mánudag og verður sá fyrsti þann 12. október n.k. kl 20:00 allir sem telja sig eiga erindi í annan hvorn þessara hópa, eða báða eru hjartanlega velkomnir.

Við erum til húsa að Skólavöllum 1 á Selfossi (á horni Skólavalla og Bankavegar) Hafa má samband ef frekari upplýsinga er þörf á netfangið batasetrid@gmail.com og á facebooksíðu Batasetursins: <https://www.facebook.com/Batasetur>.

Hlakka til að sjá ykkur

Jóna Heiðdís Guðmundsdóttir
Forstöðumaður Bataseturs Suðurlands og iðjuþjálfari.



10. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Sesseljuhúsi á Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 1. október 2015 um umsögn vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II í Sesseljuhúsi, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út. Guðmundur Ármann Pétursson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

11. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki II í Brekkukoti, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 1. október 2015 um umsögn vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II í Brekkukoti, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út. Guðmundur Ármann Pétursson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

12. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats í B-Götu 13, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 17. september 2015 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats í B-Götu 13, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram.

13. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats í Öndverðarnesi 2 lóð 170095, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 17. september 2015 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats í Öndverðarnesi 2 lóð 170095, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram.

14. Bréf frá Forsætisráðuneytinu þar sem óskað er eftir ábendingum við verkefnislýsingu fyrir eigendastefnu þjóðlendna.

Fyrir liggur bréf frá Forsætisráðuneytinu, dagsett 23. september 2015 þar sem óskað er eftir ábendingum við verkefnislýsingu fyrir eigendastefnu þjóðlendna. Bréfinu fylgja drög að lýsingu á því hvernig ráðuneytið hyggst vinna að eigendastefnu fyrir þjóðlendur og er verkefnislýsingin send þeim sem ráðuneytið telur helst að hafi hagsmuna að gæta. Bréfið lagt fram.

15. Bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga vegna Ársþings SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, dagsett 22. september 2015 þar sem greint er frá því hvar og hvenær Ársþings SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands verður. Ársþingin verða í Vík í Mýrdal dagana 29. og 30. október n.k. Sveitarfélagið á tvo fulltrúa á þingið en öllum sveitarstjórnarmönnum er heimilt að sækja þingið. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningsshrepps verða Hörður Óli Guðmundsson og Guðmundur Ármann Pétursson.

16. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um byggingarsjóð Landspítala (heildarlög), 4. mál.

Frumvarpið lagt fram.

17. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og málefni aldraðra (uppfærsluréttur íbúðaréttar), 35. mál.

Frumvarpið lagt fram.

Búfjáreigendur athugið



Vil minna búfjáreigendur á að skila inn haustskýrslu búfjárefirlits 2015 svo ekki komi til auka heimsóknar búfjárefirlitsmanns. Tekið er gjald fyrir haustheimsóknir og eru bændur hvattir til að skila skýrslunum til að komist verði hjá innheimtu slíkra gjalda. **Skilafrestur er til 20. nóvember n.k.**

Aðgengi að haustskýrslu er inni á síðunni www.bustofn.is og er fengið með innskráningarkerfi island.is.

Nánari leiðbeiningar um notkun og útfyllingu má finna á heimasíðu Matvælastofnunar www.mast.is undir dýraheilbrigði – búfjárefirlit. Þar má nálgast upplýsingar um skráningar á fjölda búfjár og fódurbirgða ásamt upplýsingum um starfandi búfjárefirlitsmenn.

Búfjárefirlitsmaður Árnessýslu er Óðinn Örn Jóhannsson, netfang odinn@bssl.is.

Vakin skal athygli á því að þeir sem búa á lögbýlum og hafa verið með búfé en eiga enga skepnu í dag geta þurft að skila skýrslu séu þeir enn á skrá.

Sveitarstjóri



**SÍMANÚMER HJÁ
GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPI**

Skrifstofa	480 5500
Kerhólsskóli	480 5520
Sundlaug	480 5530
Áhaldahús	480 5531
Félagsheimili	480 5535

Þorrablót 2016

Okkar árlega þorrablót verður haldið í Félagsheimilinu Borg 29. janúar 2016. Aldurstakmark miðast við þá sem verða 16 ára á árinu 2016.

Nánar auglýst síðar.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Sími Selfossi 432-2000
Laugarás 432-2770

FEDGAVERK



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur -
jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

18. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs, 16. mál.

Sveitarstjórn getur ekki fallist á að þingsályktunartillagan verði samþykkt nema fjármagn verði tryggt til verkefnisins.

19. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um þjóðgarð á miðhálandinu, 10. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

20. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegum kjörum, 15. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

21. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um náttúruvernd (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir ofl.), 140. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps leggur til að óheimilt verði að tjalda nema á skipulögðum tjaldsvæðum.

22. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 133. mál.

Frumvarpið lagt fram.

23. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um landskipulagsstefnu 2015-2026, 101. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 242. stjórnarfundar 28.09 2015.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 167. stjórnarfundar 24.09 2015.
- ✓ Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, ársskýrsla 2014.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:15



Nú er verið að mála
Félagsheimilið Borg, vonir
standa til að því verki verði
lokið í nóvember.

Vissir þú að:

**Ekki má henda: tannþræði,
lyfjum, blautþurrkum, smökkum,
dömubindum, tyggjóí, hári,
bleyjum, gullfiskum, kredit-
kortum, leikföngum eða
öðru rusli í klósettið.**



Í Uppsveitum Árnessýslu er rotþró við hvert hús eða hús tengd skólperfi sem svo tengist við hreinsistöð sem safnar seyrinni. Sorpið sem fer í klósettið fer sömu leið og safnast þar saman og fer síðan beina leið í skólphreinsibílana sem safna saman seyrinni.

Sveitarfélögin í Uppsveitum Árnessýslu hafa sameinast um að nýta seyrna sem safnast saman til uppgræðslu á afgirtum afrétti, en þetta er gert í samvinnu við Landgræðslu Ríkisins og hefur þegar gefið góða raun.

Vandinn við þetta er allt sorpið sem berst með og **sérstaklega blautþurrkurnar** sem notaðar eru til þrifa og ýmissa annarra verka. Aðeins næst að hreinsa hluta af þessu rusli frá seyrinni og fer því hluti af ruslinu alla leið í gegn. Vegna þessa má líkja því að henda sorpi í klósettið við það að henda því á víðavangi.



Við biðlum því til ykkar að henda **engu** sorpi í klósettið en þess í stað vera með litla ruslatunnu við klósettið sem tekur við sorpinu.

Tæknisvið Uppsveita

Þrastalundur



Opnunartími:

Mánud. - fimmtud. 10:30 til 17:00

föstud - sunnud. 10:30 til 20 :00

Grillið lokar 30 mín fyrir lokun.

Sími 486-8686

Frá Goða

Folaldasýning

Árleg folaldasýning Goða verður

laugardaginn 14. nóvember n.k. kl. 11.00

í Hólmarshöll Minni Borg.

Valin verða bestu merfolöldin og bestu hestfolöldin,
einnig verður gestaflokkur með sama sniði.

Skráning þarf að berast **fyrir 11. nóv.**

í síma 893-4012 (Jonni)

Netfang: lindasv@emax.is

Það kostar 1.000,- kr. pr. folald.

Aðgangur kr. 500.-

Kaffi og með því.



FUNDARGERÐ.

377. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 21. október 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

a) Aðalfundur Bergrisans bs.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. október 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 7. október 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 16. fundar æskulýðs- og menningarmála- nefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 7. október 2015.

Mál nr. 2, 4, 5 og 6 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 16. fundargerð æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 7. október 2015.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Aðventukvöld fyrir heldri borgara.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd óskar eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir að fá tónlistarmenn eða aðra skemmtikrafta á aðventukvöld í desember n.k. og einnig að sveitarfélagið veiti kaffi og meðlæti. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að verða við óskum æskulýðs- og menningarmálanefndar.

Mál nr. 4: Opnunartímar í líkamsræktaraðstöðu.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd skorar á sveitarstjórn að skoða þann möguleika á að breyta opnunartíma fyrir íbúa að líkamsræktaraðstöðu í Íþróttamiðstöðinni Borg.

Sveitarstjórn vísar málinu til forstöðumanns Íþróttamiðstöðvarinnar Borg.

Mál nr. 5: Brettarampur.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd skorar á sveitarstjórn að upplýsa um það hvort og/eda hvenær verði settur upp brettarampur ásamt því að útbúið verði framtíðar leiksvæði fyrir börn á Borg. Sveitarstjórn mun hafa það til hliðsjónar við vinnu endurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 6: Sparkvöllur.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd skorar á sveitarstjórn að skipta um gúmmi á sparkvelli sveitarfélagsins að Borg þar sem það gúmmi sem nú er notað á völinn geti innhaldið krabbameinsvaldandi efni. Á fundi sveitarstjórnar þann 7. október s.l. var ályktun frá stjórn Heimilis og skóla um áðurnefnt erindi vísað til Tæknisviðs Uppsveita til skoðunar. Þeirri skoðun er ekki lokið.

Aðventuhátíð Úlfjótssvatns

- fyrir alla fjölskylduna -



Þriðja árið í röð stendur Útílifsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni fyrir aðventuhátíð og jólahlaðborði fyrir alla fjölskylduna.

Dagskráin hefst klukkan 15.00 með piparkökubakstri og föndri. Svo tekur við rjúkandi heitt kakó við varðeldinn og hver veit nema jólasveinn kíkí í heimsókn? Eftir að allir hafa spreytt sig á eplabogfimi hefst borðhald kl. 18.00.

Einnig er hægt að höggva jólatré úr skóginum gegn vægu gjaldi.

Dagsetningar í boði:

- 28. nóvember ■ 29. nóvember
- 5. desember ■ 6. desember

Nauðsynlegt er að skrá gesti fyrirfram á www.ulfjotssvatn.is

Matseðill

Forréttir: Sild, 2 tegundir (karrýsild og jólasild), sjávarréttapaté með hvítlaukssósu, villibráðarkæfa með gurkins og rífsberjahlaupi, grafinn lax með sinnepdillsósu, grafið lamb með piparrótsósu, krakkasúpa og nýbakað brauð

Aðalréttir: Kalt hangikjöt með lafabrauði, gljád jólaskinka, brakandi stökk grísarífjasteik (purusteik), kryddmarinerað lambalæri með Bearnisesósu, koktelpylsur og krakkakjötbollur

Meðlæti: Kartöflusalat, eplasalat, sykurbúnaður kartöflur, heimalagað rauðkál, grænar baunir, rauðvínssósa, uppstúf, rúgbrauð, brakandi ferkst salat

Eftirréttir: Ris a la Mande (jólagrautur) með kirsuberjasósu, sherry frámas, volg súkkulaðiterta

Verð (dagskrá og jólahlaðborð):

0-5 ára: Frítt

6-12 ára: 3.900 kr.

13 ára og eldri: 7.900 kr.





Blóm fyrir jólin!

**Jólastjörnur, Amarillis,
Hyasintur, Túlípanar og
FERSKAR KRYDDJURTIR**

Opið verður alla virka daga frá
10-16 eða eftir samkomulagi.

Sími 669-0108.

Verið hjartanlega velkomin.

FÓTAADGERÐASTOFAN Á HEIMALANDI FLÚÐUM.

Hef opnað fóttaðgerðastofu á
Heimalandi Flúðum sem verður opin á
miðvikudögum, einnig verður hægt
að fá aðra tíma eftir samkomulagi.

Allir eru hjartanlega velkomnir,
vonandi getið þið notfært ykkur þessa
þjónustu.

Tím pantanir eru í síma 863-0433.



Sólveig Jóhannsdóttir, löggildur fóttaðgerðarfræðingur.

- b) Fundargerð 22. fundar Almannavarnarnefndar Árnessýslu,
9. október 2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Trúnaðarmál.

Málið er fært til bókar í trúnaðarmálabók.

4. Staða fjárhagsáætlunar 2015.

*Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun
ársins 2015 eftir fyrstu níu mánuði ársins.*

**5. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2016 frá
Stigamótum.**

*Fyrir liggur bréf frá Stigamótum, dagsett 7. október 2015 um
fjárfstyrk til reksturs samtakanna á árinu 2016. Sveitarstjórn
hafnar erindinu.*

**6. Beiðni um styrk frá mótisstjórn Landsmóts skáta vegna
Landsmóts skáta 2016 á Úlfjótssvatni.**

*Fyrir liggur bréf frá mótisstjórn Landsmóts skáta, dagsett 9.
október 2015 þar sem óskað er eftir styrk vegna Landsmóts skáta
2016 á Úlfjótssvatni. Óskað er eftir að sveitarfélagið veiti styrk að
fjárhæð kr. 2 millj. til kynningar á landsmóttinu og að boðið verði
til kvöldverðar sem áætlað er að muni kosta um 700.000 kr. Jafn-
framt er óskað eftir að mótsgestir fái frítt í sund á Borg og að
sveitarfélagið sjái um reglulegar ferðir milli Borgar og Úlfjótss-
vatns. Sveitarstjórn hafnar umbeðinni styrkbeiðni en felur Herði
Óla, varaoddvita að ræða við mótisstjórn.*

**7. Beiðni um styrk frá stjórn Bandalags íslenskra skáta og
mótisstjórn heimsmóts skáta vegna World Scout Moot 2017
á Íslandi.**

*Fyrir liggur bréf frá stjórn Bandalags íslenskra skáta og móts-
stjórn heimsmóts skáta, dagsett 12. október 2015 þar sem óskað er
eftir styrk vegna World Scout Moot 2017 á Íslandi. Óskað er eftir*

að sveitarfélagið veiti styrk að fjárhæð kr. 2 millj. til kynningar á heimsnotinu og að mótsgestir fái frítt í sund á Borg. Jafnframt er óskað eftir að sveitarfélagið bjóði upp á „eina með öllu“ máltíð á notinu að fjárhæð kr. 500 á þátttakenda. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

8. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna skuldaviðmiðs sveitarfélagsins 2015.

Fyrir liggur bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dagsett 28. september 2015 þar sem vísað er í bréf sveitarfélagsins til eftirlitsnefndarinnar frá því í ágúst s.l. vegna ábendinga nefndarinnar um skuldaviðmið sveitarfélagsins. Eftirlitsnefndin hefur yfirfarið upplýsingar sveitarfélagsins og er niðurstaða hennar að óska ekki eftir frekari upplýsingum vegna fyrirspurnarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna fjárhagsáætlunar, viðauka við hana og samanburðar við niðurstöðu ársreiknings 2014.

Fyrir liggur bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dagsett 9. október 2015 þar sem óskað er eftir nánari upplýsingum frá sveitarfélaginu vegna samanburðar á fjárhagsáætlun 2014 við niðurstöðu ársreiknings 2014. Jafnframt óskar nefndin eftir að fá sent yfirlit um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun fjárhagsársins 2014. Sveitarstjóra falið að svara eftirlitsnefndinni.

10. Tölvupóstur frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem óskað er eftir útkomuspá fyrir fjárhagsárið 2015.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dagsettur 12. október 2015 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið sendi nefndinni útkomuspá vegna ársins 2015. Sveitarstjóra falið að senda eftirlitsnefndinni umbeðin gögn.

11. Beiðni frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins við drögum að endurskoðaðri



Jólafundur Kvenfélagsins



Jólafundur kvenfélagsins verður haldinn laugardaginn
28. nóvember á Gömlu Borg kl. 11.00.

Í þetta sinn ætlum við að bjóða mökum okkar að vera með,
borða góðan mat og eiga góða stund.

Pakkaleikur að vanda í tilefni jólaanna, einn pakki á þar,
viðmiðunarverð 1.500kr

Sjáumst í hátíðarskapi.

Stjórn Kvenfélagsins



Verslunin Borg

Opnunartími í vetur;

mánud. - laugard. 10:00 -19:00

sunnudaga 11:00 -18:00

Sími : 486-4408

Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni



**Jólabíngó Kvenfélags Grímsneshrepps verður
sunnudaginn 22. nóvember 2015,
kl. 14:00 í Félagsheimilinu Borg.**

Góðir vinningar.

Aðgangseyrir er 1.000 kr. og innifalið er heitt súkkulaði með rjóma, jólasnákökur og 1 bíngóspjald, Aukaspjald er á kr. 500.-.

Allur ágóði rennur í Sjóðinn góða sem er samstarfsverkefni ýmissa félagasamtaka í Árnessýslu sem hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðþurftum.

Vonumst eftir að sjá sem flesta hressa og káta með klink og seðla til styrktar góðu málefni.



reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd, dagsettur 16. október 2015 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins við drögum að endurskoðaðri reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Erindið lagt fram.

12. Bréf frá Þorvaldi Garðarssyni vegna deiliskiplags í Kerbyggð.

Fyrir liggur bréf frá Þorvaldi Garðarssyni, dagsett 18. október 2015 þar sem gerð er athugasemd við áður auglýst deiliskipulag og óskað eftir að það verði auglýst að nýju vegna breyttra forsenda. Sveitarstjórn hafnar erindinu þar sem allir frestir eru liðnir.

13. Bréf frá forstjóra Íbúðarlánasjóðs, Hermanní Jónassyni, þar sem sveitarfélaginu er boðið til viðræðna um þann möguleika að kaupa eignir sjóðsins í sveitarfélaginu.

Fyrir liggur bréf frá forstjóra Íbúðarlánasjóðs, Hermanní Jónassyni, dagsett 8. október 2015 þar sem sveitarfélaginu er boðið til viðræðna um þann möguleika að kaupa eignir sjóðsins í sveitarfélaginu. Íbúðarlánasjóður á þrjár eignir í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

14. Bréf frá Jafnréttisstofu þar sem óskað er eftir afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun.

Fyrir liggur bréf frá Jafnréttisstofu, dagsett 12. október 2015 þar sem óskað er eftir afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun. Sveitarstjóra falið að afhenda umbeðin gögn.

15. Bréf frá deildarstjóra öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu, Gunnari Geir Gunnarssyni, vegna ástands gróðurs og umferðaröryggis.

Fyrir liggur bréf frá deildarstjóra öryggis- og fræðsludeildar

Samgöngustofu, Gunnari Geir Gunnarssyni, dagsett 28. september 2015 vegna ástands gróðurs og umferðaröryggis. Bréfið lagt fram.

16. Bréf frá Þjóðskrá Íslands vegna útgáfu á skýrslu um fasteignamat 2016.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 1. október 2015 þar sem tilkynnt er um útgáfu skýrslu um fasteignamat 2016. Bréfið lagt fram til kynningar.

17. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingar á skipulagslögum (grenndarkynning), 225. mál.

Frumvarpið lagt fram.

18. Endurskoðun Aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2016 – 2030.

Fyrir liggur verklýsing, dagsett október 2015 að endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi verklýsingu.

19. Hæstaréttardómur nr. 22/2015, Þjóðskrá Íslands og Fljótsdalshérað gegn Landsvirkjun sf.

Fyrir liggur dómur Hæstaréttar í máli nr. 22/2015, Þjóðskrá Íslands og Fljótsdalshérað gegn Landsvirkjun sf. Dómurinn lagður fram til kynningar.

20. Brunavarnaáætlun Brunavarna Árnessýslu.

Fyrir liggur Brunavarnaáætlun Brunavarna Árnessýslu sem samþykkt hefur verið af Héraðsnefnd Árnesinga. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi áætlun.

Kaffisamsæti 25. október 2015



Hluti af barnabörnum og afkomendum
Kristínar Halldórsdóttur frá Öndverðarnesi

Landsþing KÍ á Selfossi



Fulltrúar Kvenfélags Grímsnehepps

Kvenfélagið afhenti Sjóðinum góða peningagjöf

Sjóðurinn Góði er samstarfsverkefni ýmissa félagasamtaka í Árnessýslu sem hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðpurftum.



Á meðfylgjandi mynd má sjá Kristínu Carol Chadwick, fulltrúa Kvenfélags Grímsneshrepps afhenda Erlu Guðlaugu Sigurjónsdóttur, fulltrúa Sjóðsins Góða framlag Kvenfélagsins.

Kvenfélagið færði Kerhólsskóla 3 saumavélar og hrærivél til kennslu



Á meðfylgjandi mynd má sjá Fulltrúa kvenfélagsins færa skólanum gjafirnar.

21. Önnur mál.

a) Aðalfundur Bergrisans bs.

Fyrir liggur aðalfundarboð Bergrisans bs. sem haldinn verður föstudaginn 30. október n.k. í Vík í Mýrdal. Samþykkt er að fulltrúar sveitarfélagsins verði Ingibjörg Harðardóttir og Guðmundur Ármann Pétursson.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 498. stjórnarfundar, 02.10 2015.
- ✓ Bréf frá Mennta- og menningarráðuneyti, dagsett 7. október 2015 um dag íslenskrar tungu þann 16. nóvember n.k.
- ✓ SÍBS blaðið, 3. tbl. 31. árg. 2015.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:40

HEIMASÍÐA Grímsnes– og Grafningshrepps gogg.is

Ný uppfærð, vefmyndavélar, kortasjá og margt fleira spennandi.



Aðalfundur **UMF. Hvatar**
verður haldinn í Félagsheimilinu Borg
18. nóvember 2015 kl. 20:00
Venjuleg aðalfundastörf.

Stjórnin.



Fréttir frá Kvenfélagi Grímsneshrepps

Kvenfélag Grímsneshrepps hélt haustfund sinn í september síðastliðnum. Þá var ákveðið að deila ágóða af innkomu af tombólu frá Grímsævintýrum í sumar á þrjá staði. Sjóðurinn góði fær peningagjöf en hann hefur það hlutverk fyrir jólahátíðina að veita þeim aðstoð sem eiga ekki fyrir nauðpurftum. Þá fær Ljosið, sem er endurhæfinga- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra, einnig peningagjöf. Þriðji aðilinn er svo skólinn okkar eða Kerhólsskóli og mun honum verða afhentar 3 saumavélar og ein hrærivél til að styrkja kennslu í verk- og listgreinum í skólanum. Það er von okkar í Kvenfélaginu að þessar gjafir komi sér vel. Á haustfundi var einnig ákveðið að stefna að eins konar uppskeruferð eftir mikið starf í tengslum við undirbúning og framkvæmd Grímsævintýra í sumar. Ferðanefnd grennsaðist fyrir um óskir kvenfélagskvenna og skipulagði síðan ferð sem 20 konur nýttu sér og farin var þann 17. október. Mosfellssveitin var heim sótt og Gljúfrasteinn sóttur heim og endað á því að skoða söfn og ýmsan smemmtilegan varning á Akranesi.

Og fleira bar til tíðinda á haustfundinum. Laufey Guðmundsdóttir formaður greindi félagskonum frá því að félaginu hefði borist höfðingleg gjöf frá afkomendum Kristínar Halldórsdóttur og Bjarna Jónssonar frá Öndverðarnesi. Gjöfin felst í sumarbústaðarlóð úr landi Norðurkots, landi sem afkomendur áttu og er kallaður Kristínarlundur. Gjöfinni er ætlað að styrkja við starf Kvenfélagsins en Kristín Halldórsdóttir var einn af stofnendum Kvenfélags Grímsneshrepps. Óhætt er að segja að konur hafi verið hissa og snortnar að heyra af þessum hlýhug og alveg víst að þetta mun styrkja okkur sem störfum í félaginu áfram til góðra verka.

Þann 25. október var gjöfin svo formlega afhent í kaffisamsæti með um 20 barnabörnum Kristínar frá Öndverðarnesi og kvenfélagskonum. Þar var glatt á hjalla og sagðar sögur af fólkinu og lífinu í Öndverðarnesi á þeim árum er Kristín var bústýra þar en hún var harðdugleg kona og útsjónarsöm.

Fyrir í október var haldið Landsþing kvenfélagasambands Íslands á Selfossi. Þar voru konur úr okkar Kvenfélagi áberandi. Guðrún Þórðardóttir var kosin forseti Kvenfélagssambands Íslands, Guðrún Bergmann skoðunarmaður reikninga og þá sá Anna Katrýna Wozniczka um fyrirlestur á þinginu. Þá voru einnig nokkrar konur úr okkar röðum sem sátu þingið ýmist sem kjörnir fulltrúar eða sem almennir þinggestir. Formaður Kvenfélagsins okkar var einnig fenginn til að sjá um ýmis verkefni og konur úr félaginu sáu um að útbúa handverk sem notað var sem borðgjafir.

Þann 22. nóvember kl. 14.00 mun kvenfélagið hafa sitt árlega jólabingó og vonandi að sem flestir fjölmenni á það og hjálpi okkur þannig við að styrkja aðra. Þá er jólafundur félagsins fyrirhugaður þann 28. nóvember kl. 11.00 á Gömlu Borg. Félagskonur ætla að bjóða körlum sínum með á þann fund og gera þannig vel við þá sem stundum skila býsna góðu starfi með góðri aðstoð við konurnar sínar. Áfram höldum við svo veginn með nýjum verkefnum og ævintýrum fyrir samstilltar og duglegar kvenfélagskonur. Segjum þetta gott í bili af öflugum starfi Kvenfélags Grímsneshrepps.

Stjórn Kvenfélags Grímsneshrepps